

BORGARRÁÐ 18. ágúst 2022: Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um verkefnið Kveikjum neistann – MSS22080111

Flokkur fólksins leggur til að verkefnið Kveikjum Neistann verði innleitt í grunnskólum Reykjavíkur í samráði við skólasamfélagið þar sem það hefur sýnt einstaklega skýrt að það er að virka og er skemmst að vísa til reynslunnar í Vestmannaeyjum. Flokkur fólksins hefur lagt fram fyrirspurn um hvort skóla- og frístundasvið ætli ekki að innleiða verkefnið Kveikjum Neistann en fengið loðin svör s.s. að skóla- og frístundasvið hyggist skoða þetta verkefni. Flokki fólksins finnst þetta ekki nógu skýrt svar. Verkefninu er ætlað að efla skólastarf og bæta námsárangur. Verkefnið er 10 ára þróunar- og rannsóknarverkefni með heildstæða nálgun í skólastarfið. Áherslur verkefnisins snúa að læsi, stærðfræði, náttúrufræði, hreyfingu og hugarfari nemenda og tengjast þróun á kennsluháttum, kennslufni og starfsþróun og ráðgjöf til kennara og skólastjórnenda.

Greinargerð:

Kveikjum Neistann er að sýna góðan árangur þó ungt sé. Kjarninn er sá í Kveikjum neistann að lagt er upp með í 1. bekk að leggja áherslu á bókstafi og hljóð. Kennt er eftir hljóðaaðferðinni. Inn á milli er staldrað við til að fullvissa um að helst allir nemendur eru búnir að ná öllum bókstöfum og hljóðum. Í upphafi vetrar er lögð fyrir bókstafa- og hljóðakönnun til að sjá hvaða bókstafi og hljóð nemendur kunna við upphaf skólagöngu. Aftur er gerð könnun í janúar og loks í maí á fyrsta skólaárinu. Árangur er teiknaður upp með myndrænum hætti þar sem litir eru notaðir til að merkja þá bókstafi og hljóð sem börnin þekkja. Mörg börn eru farin að lesa orð á þessum tíma og stuttar setningar. Flokkur fólksins sér að hér er um gott verkefni að ræða sem er víst til að skila árangri. Miðja máls og læsis er að gera góða hluti en árangur þar er ekki eins og góður og í Vestmannaeyjum. Hægt er að gera betur.

Fulltrúi Flokks fólksins vill nefna hér að huga þarf sérstaklega að þeim börnum sem ekki geta nýtt sér hefðbundnar kennsluaðferðir. Þau börn þurfa strax í byrjun að fá sérstaka aðstoð hjá sérkennara og þau þurfa lengri tíma og meira næði en gengur og gerist í almennum bekk. Gera má ráð fyrir að það séu um það bil 2-4% barna sem glíma við lesvanda af lífeðlisfræðilegum orsökum sem t.d. tengjast sjónskyni. Sum rugla sem bókstöfum og þurfa sem dæmi að fá stærra letur og læra bókstafi með hljóði. Krakkar sem eru í lestrarvanda hafa lengri sögu, þau sýna vandann t.d. í Hljóm sem lagt er fyrir 5 ára nemendur sem hefur forspárgildi fyrir lestrarnám. Þannig að þegar þessir krakkar koma í skólann á haustin þá er oft vitað hvað er undirliggjandi sérstaklega ef heilsugæsla og skólinn hafa einnig verið í góðu samstarfi og skólinn fengið niðurstöður úr fjögurra ára skoðun barnanna.